

Mál nr. 269/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar sjómanna

**Meiðsl þegar sjómaður stökk af skipi yfir á bryggju þann 05.12. 2004,
ágreiningur hvort um slys hafi verið að ræða.**

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 26.11. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.12. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að ekki hafi verið um slys að ræða eins og það hugtak er skýrt í vátryggingarétti. Telur félagið að “meint líkamstjón” M verði ekki rakið til utanaðkomandi atburðar sem hafi orðið án vilja hans. “Það eitt að lenda úr stökki geti ekki talist utanaðkomandi ákoma/orsök nema eitthvað sérstakt komi til”. Meiðslin hafi einungis hlotist af hreyfingu M sjálfs við lendingu úr stökkinu. Þau feli í sér álagsmeiðsl á hné sem félagið telur að hafi verið verulega “skaddað fyrir eins og gögn málsins bera glögg með sér”.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að orsök “slyss hans sé ákoma og högg á hné sem hann hlaut er hann lenti á bryggju þegar hann hafði hoppað úr bátinum”. Þannig sé um utanaðkomandi atburð að ræða er “fóturinn lenti á bryggjunni”.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa þ.á m. röksemdafærslu aðila, hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingarinnar. Skilyrði slysatryggingar um utanankomandi atburð eru ekki uppfyllt. Hér virðist hafa verið um álagsmeiðsl að ræða.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 27. janúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.